

VÖRUTOLLUR.

4

10. febr.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga um vörutoll nr. 38, 27. júní 1921, hefir vörutollur á eftirgreindum vörutegundum verið færður niður þannig:

7. júlí '22: Bötnvörpurúllur (Bobbins)	færðar í 2. fl. úr 7. fl.
15. mars '23: Trjesúlur (Bustesöjler)	— - 7. — — 6. —
11. september '23: Mómýlsna	— - 2. — — 7. —
19. september '23: Botnvörpuhlerar	— - 2. — — 7. —
9. október '23: Glaubersalt	— - 2. — — 7. —
8. apríl '24: Vírgirðinganet	— - 2. — — 7. —
27. ágúst '24: Bátsuglur (Davider)	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Blýsökkuur	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Hleraskór	— - 2. — — 7. —
18. október '24: Hlerajárn	— - 2. — — 7. —
14. nóvember '24: Terrazzoskærver	— - 2. — — 7. —
26. nóvember '24: Skipaskrúfur (úr járni)	— - 2. — — 7. —

Fjármálaráðuneytið, 10. febr. 1925.

REGLUGJÖRÐ

5

12. febr.

um

skemtanaskatt í Keflavíkurkaupþúni.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemtunum, sem haldnar eru í Keflavík, og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Skattskyldar samkomur eru: Hljómleikar og söngskemtanir allskonar, fyrirlestrar, upplestur, sjónleikir, myndasýningar allskonar, íþróttasýningar sem aðrir en áhugamenn taka þátt í, eftirhermur, sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, bögglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtunar er notað, og er í eðli sínu samskonar og nú er talið.

3. gr.

Skatturinn er hundraðsgjald af inngöngueyri „brúttó“, og greiðist af hverri tegund skemtana þannig: